


Alþingi 126/203
Erindi nr. P
komudagur 6.2.2001



Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri
v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2001
Snr. 004/GP

Efni: Frumvarp til safnalaga.

Náttúruvernd ríkisins hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis dags. 14. desember síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndar ríkisins við framanskráð frumvarp. Náttúruvernd ríkisins fagnar því að tekið skuli heilstætt á safnamálum í landinu. Stofnunin bendir á nokkur atriði sem betur mega fara og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að menntamálaráðherra fari með yfirumsjón minjasafna og eru náttúrugripasöfn talin þar með. Samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992 hefur umhverfisráðherra yfirumsjón með náttúrugripasöfnum og tengdum sýningarsölum. Vegna eðlis náttúrugripasafna telur Náttúruvernd ríkisins óæskilegt að flytja yfirumsjón þeirra frá umhverfisráðuneytinu. Í sömu grein er fjallað um safnaráð sem skipað er fimm fulltrúum og er einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Félagi íslenskra safnamanna og þrír án tilnefningar. Ekki er tryggt að í safnaráðinu eigi sæti fulltrúi með sérfræðipækkingu á sviði náttúruvísinda.

Í 4. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að starfsemi safna felist m.a. í því að safna heimildum er varða umhverfi, standa vörð um þær heimildir, rannsaka, miðla upplýsingum, hafa til sýnis svo þær nýtist til rannsókna, fræðslu og skemmtunar. Í 5. gr. frumvarpsins er sérstaklega tekið fram að Náttúruminjasafn Íslands sé höfuðsafn á sviði náttúrufræða og annist heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenskri náttúru. Hér er enn og aftur komið inn á starfssvið Náttúrufræðistofnunar Íslands og þar með yfirumsjón umhverfisráðherra. Í áður nefndum lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands kemur fram í 4. gr. að stofnunin stundar

NÁTTÚRUVERND RÍKISINS / NATURE CONSERVATION AGENCY

SKÚLAGATA 21, 101 REYKJAVÍK, ÍSLAND

SÍMI / PHONE: (+354) 570 7400 FAX: (+354) 570 7401 NETFANG: nattuvernd@nattuvernd.is

HEIMASÍÐA: <http://www.nattuvernd.is> KENNITALA: 441096-2409

N á t t ú r u v e r n d r í k i s i n s

undirstöðurannsóknir á lífríki og jarðfræði landsins og skipuleggur heildarsöfnun um náttúru Íslands.

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um safnasjóð sem safnaráð úthlutar styrkjum úr og menntamálaráðherra staðfestir. Upp eru talin nokkur skilyrði sem safnið þarf að uppfylla að mati safnaráðs til þess að fá styrk úr safnasjóði. Náttúruvernd ríkisins ítrekar að ekki er nein trygging fyrir því að sérfræðingur á sviði náttúruvísinda eigi sæti í safnaráði.

Í ákvæðum til bráðabirgða segir að endurskoðun laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 skuli lokið innan tveggja ára frá gildistöku Safnalaga. Þetta er nánar útskýrt í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins og segir þar að ákvæði um náttúruminjasafn skuli þá fyrst koma til framkvæmda. Náttúruvernd ríkisins telur eðlilegra að endurskoða safnalög með tilliti til náttúruminjasafns eftir að lokið hefur verið endurskoðun á lögum nr. 60/1992.

Náttúruvernd ríkisins gerir alvarlegar athugasemdir við notkun orðsins “náttúruminja” í heiti stofnunarinnar “Náttúruminjasafn Íslands” þar sem orðið hefur sérstaka merkingu í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, en þar segir í 5. tölulið 3. gr.:

Náttúruminjar: a. Náttúruverndarsvæði. b. Lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr.

Í 6. tölulið sömu greinar er útlísta á náttúruverndarsvæði, en það er:
*a. Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti.
b. Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr. c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.*

Virðingarfyllst



Guðríður Þorvarðardóttir
sviðsstjóri